



Reykjavík, 28. apríl 2021  
R20090044  
071

Íbúaráð Grafarvogs

### ***Möguleg fjölgun kjörstaða í Grafarvogi - beiðni um umsögn***

Skrifstofa borgarstjórnar hefur við undirbúnning fyrir komandi alþingiskosningar þann 25. september nk. til skoðunar staðsetningu og fjölda kjörstaða í Reykjavík. Á síðustu árum hefur verið leitast við að auðvelda aðgengi kjósenda með því að fjölga kjörstöðum í samræmi við stefnu Reykjavíkurborgar m.a. varðandi þjónustu í nærumhverfi.

Undanfarnar kosningar hafa 2 kjörstaðir verið í Grafarvogi, Borgarskóli, áður Vættaskóli Borgir, sem er kjörstaður fyrir íbúa norðan Hallsvegar (Rimar, Borgir, Víkur, Staðir og Flatir) og íþróttamiðstöðin í Grafarvogi, sem hefur þjónað íbúum sunnan Hallsvegar (Hamrar, Foldir, Hús og Bryggjuhverfi). Til skoðunar er að fjölga kjörstöðum í Grafarvogi svo þeir verði 3 en ekki 2, með skiptingu við Hallsveg og við Borgarveg. Kjörhverfin þrjú væri þá: sunnan Hallsvegar (Hamrar, Foldir, Hús og Bryggjuhverfi) með kjörstað í Foldaskóla eða íþróttamiðstöð Grafarvogs; milli Hallsvegar og Borgarvegar (Rimar og Flatir) með kjörstað í Rimaskóla; og loks norðan Borgarvegar (Borgir, Víkur, Engi og Staðir) með kjörstað í Borgarskóla.

Óskað er eftir afstöðu íbúaráðs Grafarvogs til þessara hugmynda.

  
Bjarni Þóroddsson  
verkefnastjóri á skrifstofu borgarstjórnar